

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

1. fundur 2008

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 09.10.2008 kl. 10 í húsnæði Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Oddný G. Harðardóttir	skipulagsnefnd
Sigurður Valur Ásbjarnarson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Sigurður Thoroddsen	"
Steinþór Einarsson	"
Eiríkur Bjarnason, Magnús Guðmannsson	ritari skipulagsnefndar byggingarfulltrúi

1. Reglugerð um störf skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar

Lögð voru fram drög að starfsreglum fyrir skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar sem eru í smíðum í samgönguráðuneytinu. Farið var yfir starfsreglurnar og voru engar athugasemdir gerðar við þær.

Skipulagsnefndin samþykkti að fundir nefndarinnar verði boðaðir með tölvupósti.

Erindi til nefndarinnar berist ritara hennar í samgönguráðuneytinu.

2. Skipulags- og byggingarlög og skipulagsreglugerð

Lögð voru fram skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð.

3. Reglur um hávaðasvæði og hindrana- og aðflugsfleti

Lagðar voru fram reglur um hávaðasvæði og hindrana- og aðflugsfleti flugvallar. Auk þess var lögð fram reglugerð um skipulags- og mannvirkjamál á öryggis- og varnarsvæðum, reglugerð um hávaða nr. 724/2008 og lög um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar.

4. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2005 – 2025, niðurfelling landnotkunar innan Sandgerðis

Samþykkt var að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005 – 2025, þar sem felld er niður landnotkun utan flugvallar- og varnarsvæða innan Sandgerðis. Auglýsingin verður í samræmi við 1. og 2. m.gr. 18. gr. skipulagslaga. Kynna skal einnig skipulagstillöguna þeim aðilum sem tilgreindir eru í gr. 3.2 í skipulagsreglugerð og við á.

Fyrir liggur heimild Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillöguna.

5. Breytingar á fyrirhugaðri starfsemi að Blikavelli 5

Fyrir lá erindi AB bílaþjónustu, dags. 12.09.2008, þar sem þess er farið á leit við skipulagsnefndina að heimilað verði að starfrækja gistiheimili í byggingunni auk annarrar áður skilgreindrar starfsemi.

Í samræmi drög að starfsreglum skipulagsnefndar sem afgreiðir skipulagstillögur sem unnar eru af Keflavíkurflugvelli ohf (nú Flugmálastjórnin Keflavíkurflugvelli) er erindinu vísað til Flugmálastjórnarinnar Keflavíkurflugvelli til umfjöllunar.

6. **Breyting á deiliskipulagi A-svæðis**

Fyrir lá tillaga að breytingu á deiliskipulagi A – svæðis. Breytingin felst í því að byggingarreitum lóðanna Blikavöllur 2 og 4 er breytt og byggingarmagn lítilla aukið.

Skipulagsnefnd metur að um sé að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi og málsmeðferð sé í samræmi við 2. mgr. 26.gr. skiplagslaga og fram skuli fara grenndarkynning hjá þeim sem hagsmuna hafi að gæta.

Grenndarkynningin fari fram hjá lóðarhöfum Blikavallar 3 og 5 og var Magnúsi Guðmannssyni byggingarfulltrúa falið að annast hana.

7. **Ósk um úthlutun lóðarinnar Blikavöllur 6**

Lagt var fram erindi Drangs Fasteignafélags ehf, dags. 03.07.2008, þar sem óskað er eftir úthlutun lóðarinnar Blikavöllur 6.

Þar sem úthlutun lóða er ekki á starfsvettvangi skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar er erindinu vísað til Flugmálastjórnarinnar Keflavíkurflugvelli til umfjöllunar.

8. **Skipulagsáætlanir í gildi og vinnslu**

Farið var yfir stöðu skipulagsáætlana á starfssvæði skipulagsnefndarinnar. Staðan er eftirfarandi:

Gildandi áætlanir:

- Breyting á Svæðisskipulagi 1995-2015 fyrir Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ, Gerðahrepp og Keflavíkurflugvöll, staðfest af umhverfisráðherra 22. febrúar 2006 og utanríkisráðherra 22. febrúar 2006. Hávaðamörk vegna flugumferðar.
- Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2005-2025, staðfest af utanríkisráðherra 24. febrúar 2006.
- Deiliskipulag Flugstöðvarsvæðis staðfest af utanríkisráðherra 25. mars 1997. Síðan hafa verið gerðar fjölmargar breytingar.

Skipulagsáætlanir í vinnslu:

- Svæðisskipulag Suðurnesja.
Til umræðu var staða mála og þátttaka skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar í gerð Svæðisskipulags Suðurnesja.

Skipulagsnefndin samþykkti að taka þátt í gerð svæðisskipulagsins og samþykkti að Guðmundur Björnsson, formaður nefndarinnar, verði fulltrúi hennar í svæðisskipulagsnefndinni. Fyrirvari er um samþykki viðeigandi aðila eins og samgönguráðuneytisins og/eða Keflavíkurflugvallar ohf og um greiðslur vegna þátttöku við gerð svæðisskipulagsins.

- Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2006-2021, umsögn um endurskoðun.
Til umsagnar drög að endurskoðun aðalskipulags Reykjanesbæjar 2006-2021, ásamt greinargerð dags. 23. júní 2008. Ennfremur til kynningar umsögn Magnúsar Guðmannssonar í 17 liðum, sem lögð var fyrir Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli. Á lokafundi SBUN 29. júlí 2008 var málinu vísað til Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar.

Skipulagsáætlanir framundan:

- Endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2005-2025, m.a. miðað við breytt útmörk skipulagssvæðis.
- Endurskoðun deiliskipulags Flugþjónustusvæðis og gerð nýs deiliskipulags fyrir Suðursvæði.

9. Erindi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar um umferðarmerkingar

Lagt var fram erindi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar um umferðarmerkingar innan lóðar Flugstöðvarinnar. Skipulagsnefndin lítur svo á að um sé að ræða byggingarmál inni á skilgreindri lóð sem ekki heyrir undir nefndina og vísar því erindinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

10. Erindi Línuhönnunar um jarðstrengi

Lagt var fram erindi Línuhönnunar, dags. 06.10.2008, varðandi jarðstrengi milli Fitja og Helguvíkur.

Skipulagsnefndin lítur svo á að þar sem erindið varði nauðsynlega vinnu við breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar eigi það heima hjá Keflavíkurflugvelli ohf (nú Flugmálastjórnina Keflavíkurflugvelli) og vísar erindinu því þangað til vinnslu.

Skipulagsnefndin tekur síðan við málinu til afgreiðslu þegar fullunnin skipulagstillaga liggur fyrir.

11. Hljóðspor við Keflavíkurflugvöll

Lögð var fram skýrsla Línuhönnunar dags. 1. september 2008, um hljóðspor við Keflavíkurflugvöll, sem unnin var fyrir Flugmálastjórnina Keflavíkurflugvelli og Reykjanesbæ.

Skýrslan er innlegg við endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar og svæðisskipulag Suðurnesja.

12. Fundartími

Ákveðið var að almennur fundartími skipulagsnefndarinnar verði þriðja föstudag í mánuði. Næsti fundur er fyrirhugaður 21. nóvember kl. 10 og verður boðað til hans með sérstöku fundarboði eins og ávallt. Hugað verði að því hvort ekki væri mögulegt að tengja fundinn flugverndarnámskeiði er nefndarmenn þurfa að sækja vegna aðgangs að flugvallarsvæðinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið.